

**Nd.**

**254. Frumvarp til laga**

[136. mál]

um breyting á lögum nr. 3 1. febrúar 1980, um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

**1. gr.**

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olúgjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafra og hlutaskipta frá 1. mars 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmannta komi sér saman um önnur hlutaskipti.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. mars 1980. Meginefni frumvarpsins er að lækka olúgjald fiskiskipa utan skipta úr 5% í 2.5%. Með þessum hætti er fiskvinnslunni auðveldað að standa straum af nokkurri fiskverðshækkun til sjómanna án þess að hráefniskostnaður hennar aukist að sama skapi. Þegar olúgjaldið var ákveðið 5% í janúar síðast liðnum með lögum nr. 3/1980, var talin veruleg hætta á hækkun oliuverðs til fiskiskipa frá því verði, sem ákveðið var í desember 1980. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu um þetta efni var gjaldið ákveðið 5% meðal annars með tilliti til hattu á oliuverðshækkun á bilinu 5—10%. Nú hafa mál hins vegar skipast svo, að skráð gasoliuverð á Rotter-

dammarkaði hefur að undanfögnu verið á bilinu \$ 295—300 f.o.b. hvert tonn en viðmiðunarverð var tæplega \$ 329, þegar gasolíuverðið var ákveðið kr. 155.25 hver lítri í desember 1979. Viðmiðun markaðsverðs á svartolíu var rúmlega \$ 180 hvert tonn, þegar svartolíuverðið kr. 108 500 pr. tonn var ákveðið, en hefur að undanfögnu verið rétt innan við \$ 145 í Rotterdam. Verð á Bandaríkjadóllar hefur aftur á móti hækkað verulega í íslenskum krónum frá desember 1979 og enn eru nokkrar birgðir af olíu í landinu á hærra verði, en þó virðast um þessar mundir frekar líkur til lækkunar olíuverðs en hækkunar á næstu mánuðum. Af þessum sökum og til þess að auðvelða samkomulag um nýtt fiskverð er hér lagt til í 1. gr. að olíugjaldið lækki í 2.5% eins og það var upphaflega ákveðið á Alþingi í mars 1979. Í 2. gr. er kveðið á um gildistíma, þannig að hið nýja olíugjald taki gildi samtímis nýju fiskverði, þ. e. frá 1. mars 1980.

Nú liggur fyrir að meirihluti er í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins fyrir 4% hækkun fiskverðs til skipta frá 1. mars, ef olíugjaldið lækkar í 2.5% eins og hér er lagt til. Fulltrúar fiskkaupenda vilja samþykkja þessa niðurstöðu og fulltrúi sjómanna leggst ekki gegn henni. Með þessum hætti hækkar heildarverð á fiski frá sjónarmiði fiskkaupenda um 1.7%, hlutur útvegsmanna hækkar um 0.6% en hlutur sjómanna í fiskverðinu um 4% eins og fyrr sagði. Þótt hlutur útvegsins lækki þannig minna en sjómanna er hagur fiskveiðiflotans viðunandi miðað við þessi skilyrði og aflabrogð 1979 eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir.

Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða m.v. verðlag í mars 1980 miðað við  
 áætlað aflamagn ársins 1979 og miðað við 2.5% olíugjald.

M.kr.

	Bátar án loðnu 21-220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
<b>Tekjur alls</b>	<b>49 755</b>	<b>55 855</b>	<b>16 660</b>	<b>122 270</b>
1. Seldur afli héraendis .....	41 677	46 541	11 722	99 940
(þ. a. olíugjald) .....	(918)	(1 013)	(248)	(2 179)
2. Seldur afli erlendis .....	5 339	7 029	4 033	16 401
3. Aðrar tekjur .....	2 739	2 285	905	5 929
(þ. a. úr Aflatrygg.sj.) .....	(1 191)			
<b>Gjöld alls</b>	<b>49 838</b>	<b>57 189</b>	<b>16 445</b>	<b>123 472</b>
1. Aflahlutir .....	17 476	17 611	3 275	38 362
2. Laun og tengd gjöld .....	4 099	2 246	2 419	8 764
3. Olíur .....	6 872	11 216	3 193	21 281
4. Veiðarfæri .....	4 249	3 420	753	8 422
5. Annar breytil. kostn. ....	6 030	6 748	3 253	16 031
Breytil. kostn. alls .....	38 726	41 241	12 893	92 860
Framl. til fasts kostn. ....	11 029	14 614	3 767	29 410
Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum				
6. Viðhald .....	4 054	4 579	1 170	9 803
7. Endurmetnar afskriftir .....	4 313	6 402	1 197	11 912
8. Vextir .....	2 745	4 967	1 185	8 897
Hreinn hagnaður .....	÷83	÷1 334	215	÷1 202
Brúttóhagnaður .....	4 230	5 068	1 412	10 710
H/A · 100 .....	÷0.2%	÷2.4%	1.3%	÷1.0%

Athugasemd: Miðað er við 4% fiskverðshækkun og 2.5% olíugjald. Tekið er tillit til óbeinna hækkana vegna gengis- og launabreytinga að undanfögnu.